**FORSÆTISNEFND**

Ár 2024, föstudaginn 17. janúar, var haldinn 351. fundur forsætisnefndar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:05. Viðstödd voru Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, og Sabine Leskopf. Eftirtaldir áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem og Helga Þórðardóttir. Eftirtaldir fulltrúar og áheyrnarfulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Líf Magneudóttir, Marta Guðjónsdóttir og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Eftirtaldir starfsmenn og embættismenn sátu fundinn: Helga Björk Laxdal, Bjarni Þóroddsson og Ólöf Magnúsdóttir sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram drög að dagskrá fundar borgarstjórnar 21. janúar 2025.
   Forsætisnefnd óskar eftir að eftirtalin mál verði tekin á dagskrá sem sérstakir dagskrárliðir með vísan til samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

   a) Endurskoðuð aðgerðaáætlun með stefnu í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir, sbr. 10. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. janúar 2025
   b)Umræða um flugöryggi á Reykjavíkurflugvelli (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins)
   c) Ályktunartillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um bætta upplýsingagjöf til húsnæðiskaupenda á Íslandi
   d) Umræða um hvernig leysa á mál vöruskemmunnar við Álfabakka (að beiðni borgarfulltrúa Flokks fólksins).
   e) Tillaga borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að kalla eftir ábendingum borgarbúa varðandi þjónustu borgarinnar
   f) Umræða um bílastæði í borginni (að beiðni borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins )
   g) Kosning í borgarráð
   h) Kosning í mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð
   i) Kosning í stafrænt ráð
   j) Kosning í umhverfis- og skipulagsráð
   k) Kosning í velferðarráð
   l) Kosning í aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks
   m) Kosning í heilbrigðisnefnd
   n) Kosning í innkaupa- og framkvæmdaráð
   o) Kosning í Íbúaráð Breiðholts
   p) Kosning í íbúaráð Kjalarness
   r) Kosning í íbúaráð Vesturbæjar MSS25010046

2. Lagt fram erindi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 16. desember 2024, varðandi aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2025 -2028, ásamt fylgiskjölum.
   Vísað til borgarstjórnar.

   Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS24060082

3. Fram fer kynning á jólaborginni 2024.

   Eva Bergþóra Guðbergsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. MSS24090135

4. Lagt fram að nýju erindi mannréttinda- og lýðræðisskirfstofu, dags. 4. október 2024, varðandi reglur um borgaraþing, ásamt fylgiskjölum, sbr. 3. lið fundargerðar forsætisnefndar frá 15. nóvember 2024
Vísað til borgarstjórnar MSS24040172

5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. janúar 2024, þar sem tilkynnt er um tilhögun fæðingarorlofs Elísabetar Guðrúnar Jónsdóttur varaborgarfulltrúa Pírata. MSS25010104

6. Fram fer umræða um fund borgarstjórnar og reykjavíkurráðs ungmenna. MSS25010091

7. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 15. janúar 2025, varðandi fjárframlag Reykjavíkurborgar til stjórnmálasamtaka árið 2025, ásamt fylgigögnum. MSS22060123

8. Fram fer umræða um fund borgarstjórnar 7. janúar 2025 MSS25010119

9. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. janúar 2025, varðandi beiðni Dags B. Eggertssonar borgarfulltrúa Samfylkingar um lausn frá störfum til loka kjörtímabils.
Vísað til borgarstjórnar. MSS25010116

10. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. janúar 2025, varðandi beiðni Kolbrúnar Baldursdóttur borgarfulltrúa um tímabundinni lausn frá störfum til 18. febrúar 2025.
Vísað til borgarstjórnar. MSS25010117

11. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. janúar 2025, varðandi beiðni Rögnu Sigurðardóttur varaborgarfulltrúa Samfylkingar um lausn frá störfum til loka kjörtímabils.
Vísað til borgarstjórnar. MSS25010118

12. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. janúar 2025, þar sem tilkynnt er að Helga Þórðardóttir taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í forsætisnefnd í stað Kolbrúnar Áslaugar Baldursdóttur og að Einar Sveinbjörn Guðmundsson verði varaáheyrnarfulltrúi í stað Helgu. MSS22060040

13. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. janúar 2025, þar sem tilkynnt er að Helga Þórðardóttir taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í borgarráði í stað Kolbrúnar Áslaugar Baldursdóttur og að Einar Sveinbjörn Guðmundsson taki sæti sem áheyrnarfulltrúi til vara í stað Helgu. MSS22060043

14. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. janúar 2025, þar sem kemur fram að Einar Sveinbjörn Guðmundsson taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í umhverfis- og skipulagsráði í stað Kolbrúnar Áslaugar Baldursdóttur. MSS22060046

**Fundi slitið kl 11:28**

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

| | |
|---|---|
| Árelía Eydís Guðmundsdóttir | Líf Magneudóttir |
| Marta Guðjónsdóttir | Sabine Leskopf |